

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

Deiliskipulagsbreyting á Höfðaseli.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 8. maí 2008, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á lóð Höfðasels 4 á Akranesi.

Deiliskipulagsbreytingin felst í að byggingarreitur lóðar nr. 4 við Höfðasel er stækkaður til norðvesturs, stærð nýs byggingarreits er 12,5 x 20 m.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 27. maí 2008.

Þorvaldur Vestmann,
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 28. maí 2008